

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 119/1999

frá 24. september 1999

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/1999 frá 25. júní 1999⁽¹⁾.

Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 128/1999/EB frá 14. desember 1998 um að taka upp þriðju kynslóð þráðlausra farstöðva- og fjarskiptakerfa (altæka farstöðvakerfisins (UMTS)) í bandalaginu með samræmdum hætti⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Að laga ber ákvæði um alþjóðleg viðhorf í ákvörðun nr. 128/1999/EB með tilliti til samningsins.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 5cc (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/13/EB) í XI. viðauka við samninginn á undan fyrirsögninni „**Póstþjónusta**“:

„5cd. **399 D 0128:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 128/1999/EB frá 14. desember 1998 um að taka upp þriðju kynslóð þráðlausra farstöðva- og fjarskiptakerfa (altæka farstöðvakerfisins (UMTS)) í bandalaginu með samræmdum hætti (Stjtið. EB L 17, 22.1.1999, bls. 1).“

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 9. gr. gilda með fyrirvara um rétt EFTA-ríkis til að gera ráðstafanir varðandi UMTS-þjónustu og UMTS-búnað í þriðju löndum, eða til þess að gera tvíhliða eða marghliða samninga í tengslum við UMTS við þriðju lönd og

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 296, 23.11.2000, bls. 44 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 54, 23.11.2000, bls. 132.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 17, 22.1.1999, bls. 1.

aþjóðastofnanir í eigin þágu. Framkvæmdastjórnin og EFTA-ríkin skulu veita hvert öðru upplýsingar og, að fenginni beiðni, hafa samráð um slíkar ráðstafanir eða samningaviðræður innan sameiginlegu EES-nefndarinnar.“

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins 128/1999/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 24. september 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

N. v. Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner